

Nd. **306. Frumvarp til laga** [29. mál]
um breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965.

(Eftir 3. umr. í Ed., 14. febr.)

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna, á undan V. kafla, komi ný grein, þannig:
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfrækir rannsóknastofur utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og að fengnum tillögum aðila fiskiðnaðarins. Leita skal samstarfs við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarfélög á viðkomandi svæði. Skulu þessir aðilar leggja fram helming stofnkostnaðar. Sömuleiðis skal athugað að nýta aðstöðu og samstarf við menntastofnanir á staðnum.

Rannsóknastofur þessar skulu veita fiskiðnaði og öðrum matvælaíðnaði á viðkomandi svæði þjónustu með rannsóknum, gæðaeftirliti og leiðbeiningum gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.